



Minnisblað

Viðtakandi Velferðarnefnd Alþingis
Sendandi Heilbrigðisráðuneytið

Dagsetning 23. maí 2024
Málsnúmer HRN23110152

Minnisblað vegna umsagnar Persónuverndar við frumvarp félags- og vinnumarkaðsráðherra til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna endurskoðunar örorkulífeyriskerfis almannatrygginga

Umsögn Persónuverndar:

Í umsögn Persónuverndar, dags. 29. apríl 2024, kemur fram að Persónuvernd leggst gegn samþykkt 20. og 24. gr. frumvarpsins um viðbætur við 1.mgr. 7. gr. a í lögum nr. 55/2006 og 2. mgr. 7. gr. laga nr. 40/2007.

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið (FRN) hefur unnið að ofangreindum breytingum í samvinnu við heilbrigðisráðuneytið (HRN) og mun hið fyrrnefnda ráðuneyti afla frekari upplýsinga frá Vinnumálastofnun (VMST) varðandi breytingar á lögum nr. 55/2006, þ.e. rökstudda staðfestingu þess efnis að umræddar upplýsingar séu nauðsynlegar.

Hvað varðar umsögn Persónuverndar um 24. gr. frumvarpsins, þar sem fram kemur að Persónuvernd telur vafa leika á að setja reglugerðarheimild um miðlun gagna og til þess þurfi sett lög þá telur heilbrigðisráðuneytið mögulegt að bregðast við með eftirfarandi hætti:

Breyting á 2. mgr. 7. gr. 1. nr. 40/2007 verður óbreytt, þ.e. að á eftir orðunum „starfsemi heilsugæslustöðva“ í 2. mgr. 7. gr. laganna kemur: þ.m.t. um samstarf við önnur þjónustukerfi í tengslum við endurhæfingu einstaklinga.

Ný 2. mgr. 35. gr. 1. nr. 40/2007 yrði bætt við sem væri efnislega samhljóða breytingu á lögum er varða miðlun gagna Tryggingastofnunar, VMST, sveitarfélaga og starfsendurhæfingarsjóða. Ákvæðið yrði svohljóðandi:

Í því skyni að heilsugæslustöðvum sé unnt að gegna skyldum sínum í samstarfi við önnur þjónustukerfi um endurhæfingu einstaklinga skulu þær þegar það á við, miðla nauðsynlegum upplýsingum til annarra kerfa í gegnum sameiginlega þjónustugátt þjónustukerfa, sbr. 28. gr. laga um almannatryggingar, þ.m.t. þeim sem viðkvæmar geta talist, svo sem heilsufarsupplýsingar og upplýsingar um félagslegar aðstæður þess einstaklings sem í hlut á hverju sinni. Heilsugæslustöðvum ber að upplýsa hlutaðeigandi einstaklinga um fyrirhugaða vinnslu persónuupplýsinga í samræmi við 2. mgr. 17. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018, sbr. 14. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/67.